

STARFSLEYFI

Gámastöð Árborgar

Gámastöð

Víkurheiði 4, fastanr. 2341055

800 Selfoss

kt. 650598-2029

Nafn og kt. rekstraraðila: Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029
Heimilisfang: Austurvegur 2, 800 Selfoss

Útgáfudagur: 16. nóvember 2021 Gildir til: 16. nóvember 2033

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir Sveitarfélagið Árborg v/gámastöðvar að Víkurheiði 4
dags. 16. nóvember 2021**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 16. nóvember 2021



Sigrún Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

Sveitarfélagið Árborg

v/gámastöðvar að Víkurheiði 4, Selfossi

kt. 650598-2029

Austurvegi 2, 800 Selfoss

1. GILDISSVIÐ OG ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur gámastöðvar sveitarfélagsins í ofangreindri starfstöð. Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

Á gámastöðinni er heimilt að taka á móti og geyma til skamms tíma:

- allan hættulítinn, almennan úrgang frá almenningi og smærri fyrirtækjum sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- úrgang frá almenningi og smærri fyrirtækjum sem flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, enda sé hvorki um mikið magn né mjög hættuleg efni að ræða.
- raf- og rafeindaúrgang.
- almennan garðaúrgang og trjáafklippur.
- hræ af dýrum sem ekki hafa drepist eða verið lógað vegna smitsjúkdóma, enda sé þeim komið til viðeigandi förgunar svo fljótt sem auðið er.
- plast af heyrúllum og annan samskonar úrgang, s.s. ræktunardúka frá garðyrkjustöðvum.
- Úr sér gengin ökutæki sem hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.

Óheimilt er að taka á móti, meðhöndla eða geyma:

- Hreinsunarúrgang sem fellur til við hreinsun fráveitu, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt.
- Úrgang frá landbúnaði annan en plast af heyrúllum, ræktunardúka
- Lífrænan úrgang frá garðyrkju.
- Sóttmengaðan úrgang, þ.m.t. sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum.
- Brotajárn sem inniheldur spilliefni, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.
- Geislavirkan úrgang.

1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.